



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranesi

Akranesi, 24. febrúar 2017
1509146 SPH/hs

Efni: Deilisk. Breiðarsvæði - Breiðargata 8, 8A og 8B

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 23. febrúar 2017, var fjallað um breytingu á skipulagi Breiðarsvæðis.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Lögð fram að nýju, tillaga að breytingu á deiliskipulagi ásamt athugasemdum, umhverfisskýrslu, undirskriftarlistum, minnisblaði Vilhjálms Vilhjálmssonar forstjóra HB Granda hf. og umsögn um athugasemdir dags. 19. maí 2016.

Jafnframt eru lögð fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 1. júlí 2016, bréf Minjastofnunar 22. júlí, 17. ágúst, 22. nóvember 2017 og 23. janúar 2017, bréf Akraneskaupstaðar til Minjastofnunar, dags. 10. nóvember 2016 og 9. janúar 2017, ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. "Deiliskráning fornleifa á Sýruparti Akranesi", dags. í desember 2016, umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 9. ágúst 2016, ásamt fylgiskjölum.

Þá er lagt fram bréf Landslaga, dags. 17. febrúar 2017, um málsmeðferð málsins frá 24. maí 2016, umsögn um athugasemdir, dags. 19. maí 2016, breytt 17. febrúar 2017, og lagfærð skipulagsgögn, skipulagsuppdrættir og umhverfisskýrsla í samræmi við bréf og umsögn um athugasemdir.





Akraneskaupstaður

Ívar Pálsson, hrl., situr fundinn.

Skipulags-og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi umsögn dags. 19. maí 2016, breytta 17. febrúar 2017, um athugasemdir vegna deiliskipulagstillögunnar.


Samþykkt 3:0.

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til við bæjarstjórn að hin auglýsta tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði samþykkt með vísan til fyrirliggjandi umsagnar um athugasemdir dags. 19. maí 2016, breyttrar 17. febrúar 2017, með þeim breytingum sem þar eru lagðar til, og minnisblaðs Vilhjálms Vilhjálmssonar forstjóra HB Granda hf. þar sem fram kemur að HB Grandi hf. muni ekki starfrækja fiskþurrkun á Akranesi náist ekki markmið um lágmörkun óþæginda vegna lyktar.

Samþykkt 2:0, (VLJ situr hjá).

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sigurður Páll Harðarson,

sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Meðf.: Minnisblað frá Landslögum 17.2.2017
Bréf Skipulagsstofnunar 1.7.2016
Umsagnir um athugasemdir 17.2.2017
Umhverfisskýrsla 10.2.2017
Deiliskipulagsbreyting 20.1.2017
Deiliskipulagsuppráttur útskýring á breytingum
Skýringaruppráttur 22.11.2016
Deiliskráning fornleifa des. 2016
Innmæling fornleifa 22.12.2016

